

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. febrúar 2021

Tilvísun: 202102-0005

LÁ
þlf

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, 359. mál.

Við er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 4. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, mál 359.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra í samráði við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra og utanríkis- og þróunar- samvinnuráðherra að setja á fót starfshóp um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, með það að leiðarljósi að Ísland marki sér stöðu sem framsækið ríki þegar kemur að loftslagsbreytingum og verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika sjávar, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Starfshópurinn skili skýrslu með niðurstöðum eigi síðar en 15. apríl 2022.

Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði inn umsögn um sama málefni (mál 461) þegar það var lagt fyrir í janúar 2020. Sjá bréf stofnunarinnar á meðfylgjandi slóð: https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_motun_stefnu_islands_um_malefni_hafsins_461_mal.pdf

Náttúrufræðistofnun ítrekar stuðning sinn við tillöguna og er tilbúin að koma að málinu á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinsson
forstjóri

